

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 HELLA

Garðabær, 20. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0012
LA/SS

Efni: Umsögn um tillögu að breytingum á deiliskipulagi Landmannahellis

Vísað er til tölvubréfs frá Rangárþingi ytra, dags. 9. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingum á deiliskipulagi fyrir Landmannahelli innan Friðlands að Fjallabaki.

Með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu til að mæta auknum kröfum varðandi aðbúnað, samhliða því að bæta þjónustu við ferðafólk. Í skipulagslýsingu kemur fram að þolmarkagreining var unnin af Háskóla Íslands fyrir Umhverfisstofnun árið 2012.

Friðland að Fjallabaki var friðlýst 1979 með það að markmiði að vernda sérstæðar jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins. Friðlandið er innan þjóðlendu og á yfirlitsskrá heimsminja UNESCO. Verndun náttúru svæðisins þarf að vera í öndvegi við alla ákvarðanatöku um notkun og skipulag þess.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagsgögn og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

- Samkvæmt uppgefnum stærðum í deiliskipulaginu verða lóðir samtals um 36.767 m² að stærð, en heildarstærð á tveimur bílastæðum og fjórum rútustæðum kemur ekki fram. Heildarflatarmál bygginga eftir stækkun verður samtals um 1580,2 m², þar af eru 739 m² nýjar byggingar (og þar inn í er 200 m² hesthús).
- Ekki eru settar fram upplýsingar um fjölgun gistirýma innan svæðisins.
- Ekki er hægt að byggja á þolmarkagreiningu frá 2012 fyrir svæðið miðað við fjölgun ferðamanna síðustu ára.
- Ekki hefur verið afmarkað nær- og fjarsvæði fyrir vatnsból innan svæðisins.

Það er álit Náttúrufræðistofnunar að fara þarf varlega í frekari uppbyggingu innan friðlandsins þar sem það mun raska náttúruminum og auka álag vegna nýtingar s.s. vatnstöku, efnistöku, umferðar ferðafólks o.fl. Þá er mikilvægt að ekki verði byggð upp of mörg þjónustusvæði innan friðlandsins og nauðsynlegt er að skilgreina vandlega þolmörk svæðisins.

Í því sambandi má benda á nýlegar rannsóknir á þolmörkum ferðamanna í Landmannalaugum með samanburði árána 2000, 2009 og 2019

(<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/2016/Sk%C3%BDrsla%20um%20vi%C3%B0horf%20fer%C3%B0amanna%20%C3%AD%20Landmannalaugum.pdf>) sem

sýna að upplifun og ánægja ferðafólks hefur farið minnkandi.



Náttúrufræðistofnun tekur ekki undir það mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins að stefnan hafi óveruleg áhrif á jarðmyndanir. Uppbygging innan svæðisins ásamt auknu álagi frá ferðaþjónustu er líklegt til að hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir, gróður og landslag svæðisins og setja má spurningu við hvort stefnan hafi jákvæð áhrif á samfélag.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

